

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 51, 3. febrúar 1993 um bann við togveiðum fyrir Austurlandi.

1. gr.

Frá kl. 16 2. júlí 1993 er felldur úr gildi 2. töluliður 1. gr. reglugerðar nr. 51/1993.

2. gr.

Reglugerð þess er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81. 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. júlí 1993.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Gylfi Gautur Pétursson.

Nr. 260

23. júní 1993

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 121/1990 með síðari breytingum.

1. gr.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein er verður 2. mgr., svohljóðandi:

Bifreiðastöðvum er óheimilt að taka aðrar bifreiðar í afgreiðslu, en þær sem skráðar eru vörubifreiðar eða sendibifreiðar samkvæmt reglugerð um gerð og búnað ökutækja. Ráðherra getur heimilað sendibifreiðastöðvum á einstökum félagssvæðum að taka í afgreiðslu bifreiðar, sem hópferðaleyfi hafa verið gefin út fyrir samkvæmt lögum um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum nr. 53/1987.

2. gr.

Við 1. mgr. 6. gr. bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Við leiguaksturinn ber félagsmanni að nota bifreið sem skráð er vörubifreið eða sendibifreið samkvæmt reglugerð um gerð og búnað ökutækja, sbr. þó 2. mgr. 2. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 77/1989 um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 23. júní 1993.

Halldór Blöndal.

Helgi Jóhannesson.